



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

## **Reglubundið tungumál**

*Um upplýsingagildi og reglur tungumálsins*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Geir Matti Järvelä**

**Maí 2011**

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Heimspeki

# Reglubundið tungumál

*Um upplýsingagildi og reglur tungumálsins*

Ritgerð til B.A.-prófs

Geir Matti Järvelä

Kt.: 190582-3029

Leiðbeinandi: Eyja M. Brynjarsdóttir

Maí 2011

**Þessi blaðsíða er vísitandi höfð auð**

## Samantekt

Tilgangurinn með ritgerðinni er að skoða gallana við nokkrar þekktar kenningar um tungumálið og reyna að setja fram kenningu sem sameinar kosti þeirra og kemst fram hjá þeim göllum sem kenningarnar standa frammi fyrir.

Lausnin felur í sér að breyta kenningu Frege um tungumálið og sameina hana við kenningu Wittgenstein um notkun orða sem merkingu, kenningu Russell og Quine um umsagnir eiginnafræði og kenningu Davidson um merkingu setninga. Það sem þessi lausn þarf til að virka er sannleikshugtak sem er byggt inn í tungumálið, er ótengt veruleikanum að svo miklu leyti sem tungumálið er það. Þetta væri vandamál, en þar sem kenningin notfærir sér reglur um notkun orða verður tungumálið tengt við raunveruleikan og sanngildi tungumálsins á þann hátt tengt við veruleikan. Samkvæmt kenningunni ákvarðast merking setninga af sanngildi þeirra, en þetta sanngildi er ákvarðað út frá reglum þeirra orða sem byggja upp setningarnar. Upplýsingagildi setninga byggist á því að setningar útskýra eða breyta reglum þeirra orða sem þær innihalda, fólk lærir nýja hluti með því að fræðast um þessar reglur. Reglurnar eru samfélagslegar og eru undirstaða alls tungumálsins.

Þar sem reglur ákvarða það sanngildi sem fólk telur setningar hafa, ákvarða reglur það hvað fólk telur vera satt á hverjum tíma. Þessi reglubundna trú á sannleika gefur hverju þjóðfélagi bestu mögulegu mynd af því hvað er satt á hverjum tíma. Það sem er talið satt á hverjum tíma er byggt á upplýsingum. Þar sem slíkar upplýsingar eru byggðar inn í tungumálið, skapar tungumálið ákveðna tegund af gagnagrunn sem leyfir fólki að læra af reynslu annarra einstaklinga með orðum.

# Efnisyfirlit

Reglubundið tungumál.....	2
I. Um tungumálið.....	4
II. Frege og samsemdardómar.....	6
III. Russell, Quine og umsagnir.....	9
IV. Davidson og merking.....	12
V. Wittgenstein og reglur.....	14
VI. Samræmd kenning.....	17
VII. Reglur, sannleikur og uppfærsla.....	19
VIII. Niðurstöður.....	24
Heimildir.....	26

# Reglubundið tungumál

## Um upplýsingagildi og reglur tungumálsins

**„Maður þarf að byrja með villu og breyta henni í sannleika. Það er, maður þarf að afhjúpa undirstöðu villunnar, annars mun sannleikurinn ekki gera neitt gagn. Sannleikurinn getur ekki þröngvað sér inn þegar eitthvað annað er í hans stað.“<sup>1</sup>**

Tungumálið er að öllum líkindum mikilvægasti þáttur mannlegs samfélags. Það gerir okkur kleift að eiga í samskiptum við annað fólk, skiptast á upplýsingum og læra nýja hluti. Þrátt fyrir mikilvægi tungumálsins og þeirri stöðu sem það hefur í kjarna mannlegs lífs hefur engum tekist að skilgreina almennilega hvernig tungumálið virkar, þrátt fyrir ótal tilraunir.

Það eru nokkrir þættir sem góð kenning um tungumálið þarf að geta útskýrt. Slík kenning þarf að skýra hvernig við getum lært eitthvað með tungumálinu, hún þarf að geta sagt okkur hver merking setninga er, hún þarf að útskýra hvernig er hægt að greina milli sannra setninga og ósannra og hún þarf að útskýra þær reglur sem gilda um tungumálið, hvernig það er uppbyggt. Að lokum þarf slík kenning að geta sagt okkur hvernig takmarkaður fjöldi orða getur myndað nánast óendanlegan fjölda setninga.

Þetta virðist vera gífurlega langur listi yfir kosti sem slík kenning þarf að hafa. Fæstar af þeim kenningum sem hafa verið settar fram takast á við alla þessa þætti og verða því opnar fyrir gagnrýni úr einni eða annarri átt. Hinsvegar hafa þær flestar eitthvað til síns máls. Hér verður gerð tilraun til að taka þessa kosti og mynda heildstæða kenningu úr þeim, kenningu sem leysir þau vandamál sem eldri kenningar hafa staðið frammi fyrir.

Sú kenning sem verður rökstudd byggir á málspekikenningu Frege, eins og svo margar kenningar hafa gert í gegnum tíðina, en hún blandar saman þáttum úr kenningum frá Russell, Quine, Davidson og Wittgenstein. Samkvæmt kenningunni ákvarðast merking setninga af sanngildi þeirra, en þetta sanngildi er ákvarðað út frá reglum þeirra orða sem byggja upp setningarnar. Upplýsingagildi setninga byggist á því að setningar útskýra eða breyta reglum þeirra orða sem þær innihalda, fólk lærir nýja hluti með því að fræðast um þessar reglur. Reglurnar eru samfélagslegar og eru undirstaða alls mannlegs tungumáls.

Þar sem reglur ákvarða það sanngildi sem fólk telur setningar hafa, ákvarða reglur það hvað fólk telur vera satt á hverjum tíma. Þessi reglubundna trú á sannleika gefur hverju þjóðfélagi bestu

---

<sup>1</sup> Ludwig Wittgenstein: „Remarks on Frazer's Golden Bough“ *Philosophical occasions, 1912-1951*. Ritstjórar James Carl Klagge & Alfred Nordmann. Hackett 1993. Bls. 119 [Þýðing mín]

mögulegu mynd af því hvað er satt á hverjum tíma, þótt það sé ekki endilega hlutbundin sannleikur í anda Aristotelesar. Af því að reglur byggja á þeim upplýsingum sem þjóðfélög hafa á hverjum tíma og þessar reglur eru grundvöllur tungumálsins þá myndar tungumálið vissan gagnagrunn fyrir samfélagið til að læra af. Það gefur okkur aðgang að reynslu, trú, sjónarmiðum og speki ótal annarra einstaklinga og leyfir okkur að læra meira um heiminn en nokkur önnur lífvera á þessari plánetu hefur getu til að læra.

## I. Um tungumálið

Í upphafi *Rannsóknna í heimspeki* fjallar Wittgenstein um gallann við vissa sýn á tungumálið sem birtist í verkum Ágústínusar. Þetta er sú sýn á tungumálið að hvert og eitt orð hafi ákveðna fasta merkingu sem er tengd við orðið, og að hún byggist á þeim hlut sem orðið stendur fyrir. Gagnrýni Wittgenstein á þessa sýn gengur að mestu leyti út á að sýna fram á að merking orða byggist á því samhengi sem þeim er beitt við; að notkun orða ákvarði merkingu þeirra, en ekki ákveðin merking sem liggur að baki þeim.<sup>2</sup> Wittgenstein notar hugtakið *tungumálaleikir* til að útskýra gagnrýni sína nánar, en tungumálaleikir eru afmörkuð dæmi um ákveðna málnotkun sem útskýra vissa notkun eða sjónarmið um tungumálið.<sup>3</sup> Eitt dæmi um slíkan leik sem Wittgenstein tekur fjallar um strák sem er sendur í verslun að kaupa fimm rauð epli. Hann lætur búðareigandann fá miða sem á stendur „fimm rauð epli“ og með hjálp miðans finnur búðareigandinn epli, rauðan, og fimm stykki af þeim. Það virðist vera lítið vandamál að telja að epli og rauður eigi sér samsvörun í þessu dæmi, en talan fimm virðist ekki hafa ákveðna merkingu í orðanotkuninni, hún á ekki við ákveðinn hlut eða eiginleika. „En hver er merking orðsins ‚fimm‘? - Enginn slíkur hlutur var til staðar hér, einungis hvernig orðið fimm er notað.“<sup>4</sup> Með þessu dæmi beinir Wittgenstein athyglinni að því að það sé enginn ákveðinn hlutur sem ákvarði merkingu orðsins fimm, heldur hvernig það sé notað í samhengi við þá athöfn sem er framkvæmd. Wittgenstein notar tungumálaleiki á ýmsum stöðum til að útskýra hvernig samhengi orða skiptir máli. Það sem myndlíkingin sýnir er að orð hafi einungis merkingu við hversdagslega notkun sína, og að það sé notkun þeirra sem gefur þeim merkingu, ekki einhver föst merking sem liggur að baki sérhverju orði.

Gagnrýni Wittgenstein er bein gagnrýni á kenningar sem telja að orð hafi fasta merkingu, merkingu sem er óháð aðstæðum og notkun orða. Ein einfaldasta útgáfan af slíkri kenningu er kenning John Locke. Samkvæmt kenningu hans standa orð fyrir hugmyndir í huga fólks.<sup>5</sup> Hver og ein manneskja hefur ákveðnar hugmyndir sem spretta af reynslu og orð standa fyrir þessar hugmyndir. Þegar manneskja heyrir orð, þá vaknar sú hugmynd sem viðkomandi tengir við orðið. Þegar einn aðili segir setningu er hann því að vekja upp runu af hugmyndum í huga þess sem hann ræðir við; sá sem heyrir setninguna er því með sambærilega runu af hugmyndum í sínum huga og sá sem mælir. Tilgangur tungumálsins samkvæmt þessari sýn er ekki að breyta hugmyndum þess

---

2 Ludwig Wittgenstein: *Philosophical Investigations*. G.E.M. Anscombe, P.M.S. Hacker og Joachim Schulte þýddu, Wiley-Blackwell 2009. Bls. 5, §1

3 Wittgenstein: *Philosophical Investigations*. Bls. 8, §7

4 Wittgenstein: *Philosophical Investigations*. Bls. 5, §1 [Þýðing mín]

5 John Locke: *An essay concerning human understanding*. London 1690. 3.2.2



sem hlustar, heldur að vekja upp þær hugmyndir sem áheyrandi tengir við orð og sá sem mælir tengir við sín orð.<sup>6</sup>

Augljósustu gallarnir við slíka sýn er hversu hún dregur úr möguleikanum á samskiptum. Hún virðist gera samskipti ómöguleg, þar sem hún tekur skýrt fram að við getum ekki nálgast hugmyndir hvors annars. Orð sem einn einstaklingur hefur yfir hugmyndir sínar, geta ekki vísað til hugmynda annarra, af því að þær hugmyndir eru honum óaðgengilegar. Þar sem hugmyndir okkar eru óaðgengilegar öðrum þá er tilgangur sem Locke setur tungumálinu, að nálgast hugmyndir annarra, ómögulegur. Önnur andmæli sem er auðvelt að sjá út eru að við getum aldrei vitað að þau skilaboð sem við viljum koma á framfæri komist til skila. Þar sem mælandi tungumálsins getur ekki nálgast hugsanir þeirra sem hlusta, þá er engin leið fyrir hann að vita hvort það sem hann sagði hafi komist til skila. Að lokum uppfærast hugmyndir okkar einungis með reynslu samkvæmt Locke.<sup>7</sup> Þetta þýðir að þau orð sem við segjum hafa engin áhrif á hugsanir annarra, þau breyta ekki hugmyndunum sem fólk hefur um orð, þær breytast einungis með reynslu. Tungumálið getur því ekki breytt hugmyndum, getur ekki breytt merkingu orða, heldur einungis vakið upp þær hugmyndir sem eru nú þegar til staðar. Ef við heyrum nýtt orð eða eitthvað nýtt um hugmynd sem við höfum í gegnum tungumálið erum við ekki að fá reynslu um viðkomandi hlut og því ekki að læra neitt nýtt. Þetta hefur engin áhrif á skilning okkar á tungumálinu. Kenning Locke á því erfitt með að útskýra hvernig hægt er að kenna eitthvað með orðum, eða hafa áhrif á hugsunargang.

Þetta bendir allt til að sýn Locke á tungumálið sé á einhvern hátt gölluð. Þegar við kennum fólk eitthvað nýtt gerum við ráð fyrir að þetta hafi áhrif á það sem þau vita, breyti á einhvern hátt hugsun fólks. Tilgangur tungumálsins er ekki að vekja upp hugmyndir sem fólk hefur nú þegar, heldur að uppfæra þær upplýsingar sem það hefur. Til að slíkt sé mögulegt þarf tungumálið að hafa getu til að breyta þeirri merkingu sem fólk tengir við orð. Til dæmis ef einhver hefur ranghugmynd um eitthvað, til dæmis afstæðiskenninguna, þá þarf að vera möguleiki á að segja eitthvað við viðkomandi sem breytir þessari hugmynd. Með því að breyta hugmyndinni getur fólk notað orðið á réttan hátt í framtíðinni. Tilgangur tungumálsins fellst þannig í að uppfæra þekkingu okkar á heiminum og deila upplýsingum með öðrum mönnum. Kenning sem leitast við að útskýra hvernig tungumálið virkar ætti því að geta útskýrt hvernig málið uppfærir þekkingu okkar.

---

6 Locke: *An essay concerning human understanding*. 3.6.30

7 Locke: *An essay concerning human understanding*. 3.4.14

## II. Frege og samsemdardómar

Þetta er eitt af þeim vandamálum sem Frege reyndi að takast á við í málspeki sinni. Hann vildi með kenningu sinni útskýra hvernig fólk gæti verið að tala um það sama þegar samræður ættu sér stað, en hann reyndi jafnframt að útskýra hvernig upplýsingar bærust milli einstaklinga.<sup>8</sup> Samkvæmt Frege skiptust einingar tungumálsins í þrennt og hver eining hafði ákveðinn tilgang. Einingarnar sem hann notast við eru einnefni, umsagnir og heilar setningar. Einnefni eru nöfn eins og „Morgunstjarnan“, „Pegasus“ eða „Aristoteles“. Tilgangur einnefna er að vísa til hluta.<sup>9</sup> Umsagnir segja eitthvað um hluti; sem dæmi eru umsagnirnar „x er rauður“ eða „x er vinur y“ þar sem x og y er skipt út fyrir eiginnöfn. Setningar eru heildirnar sem umsagnir og eiginnöfn mynda saman. Það sem skiptir máli þegar kemur að umsögnum er það hvaða áhrif þau hafa á sanngildi setninga<sup>10</sup>, á meðan það sem skiptir máli þegar kemur að setningum er hvort þær eru sannar eða ósannar.<sup>11</sup>

Það vandamál sem kenning Frege lenti í tengdist upplýsingagildi setninga. Þar sem tilgangur eiginnafna var eingöngu að vísa til hluta, þá ætti merking þeirra að byggjast algerlega á þeim hlut sem þau vísuðu til.<sup>12</sup> Samsemdardómar sköpuðu hér vandamál, því ef það eina sem skiptir máli þegar kemur að merkingu einnefna er hluturinn sem þau vísa til, þá ættu samsemdardómar ekki að geta gefið fólki neinar upplýsingar. Ástæðan fyrir þessu er *lögmál Leibniz*, eins og það er oft kallað. Samkvæmt lauslegri útgáfu af því: Ef  $a$  er sami hlutur og  $b$ , þá er allt sem er satt um  $a$  líka satt um  $b$ . Þetta þýðir að ef við byrjum með sannleika um hlut sem er nefndur með vissu nafni, þá myndum við áfram hafa sannleika ef við notuðum annað nafn um sama hlut. Í málspekilegu tilliti þýðir þetta að ef eitt orð hefur *nákvæmlega* sömu eiginleika, sama tilgang og merkingu og annað orð, þá er hægt að skipta orðunum út fyrir hvort annað. Vandamálið sem þetta lögmál olli Frege er að ef tvö orð vísa á sama hlutinn, þá ætti að vera hægt að skipta þeim út án þess að merking setningar breyttist. Þetta myndi þýða að það væri engin munur á þeim upplýsingum sem fólk fengi út úr setningunni „Morgunstjarnan er Morgunstjarnan“ og setningunni „Morgunstjarnan er Kvöldstjarnan“. Báðar setningarnar eru sannar, og öll einnefnin í setningunum vísa til sömu hluta. Vandamálið sem Frege sá réttilega er að setningin „Morgunstjarnan er Kvöldstjarnan“ hefur upplýsingagildi fyrir einhvern sem veit ekki fyrirfram að um sama hlutinn er að ræða, á meðan

---

8 Gottlob Frege: “On Sense and Nominatum” *The Philosophy of Language*. Ritstjóri: A.P. Martinich. OUP 2010. Bls. 217

9 Frege: *On Sense and Nominatum*. Bls. 220

10 Frege: *On Sense and Nominatum*. Bls. 221

11 Frege: *On Sense and Nominatum*. Bls. 221

12 Frege: *On Sense and Nominatum*. Bls. 217

„Morgunstjarnan er Morgunstjarnan“ hefur ekki slíkt upplýsingagildi.<sup>13</sup>

Lausn Frege fólst í að kynna hugtakið *Sinn* sem er hægt að þýða sem „skilning“.<sup>14</sup> Samkvæmt Frege fellst *skilningur* í þeim hætti sem hugtakið birtist okkur.<sup>15</sup> Morgunstjarnan hefur mismunandi *skilning* en Kvöldstjarnan vegna þess háttar sem hún birtist okkur. *Skilningur* á orðinu „Morgunstjarnan“ er frábrugðið *skilningnum* á orðinu „Kvöldstjarnan“ af því að það er tengt því hvenær við sjáum stjörnuna (á morgnanna frekar en á kvöldin). Setningarnar „Morgunstjarnan er Kvöldstjarnan“ og „Morgunstjarnan er Morgunstjarnan“ eru ekki jafngildar þar sem orðin „Morgunstjarnan“ og „Kvöldstjarnan“ hafa mismunandi *skilning*.<sup>16</sup> Þegar við heyrum setninguna „Morgunstjarnan er Kvöldstjarnan“ þá lærum við eitthvað um *skilning* orðanna, það er sú þekking sem uppfærir.

Það eru ákveðnir kostir við kenningu Frege. Í fyrsta lagi útskýrir hún hvað orð leggja að mörkum í setningum, hvernig merking setninga byggist á hlutum hennar án þess að setningin sjálf sé bundin við þá merkingu sem hlutar hennar hafa; setning segir eitthvað annað og meira en partar hennar. Orð skipta máli í setningum að svo miklu leyti sem þeir hafa áhrif á sanngildi setninga. Kenningin útskýrir líka hvernig setningar geta uppfært merkingu fólks, með því að breyta *skilningi* á orðum hafa setningar áhrif á merkingu orða.

Það eru þó gallar á kenningu Frege. Í fyrsta lagi finnst flestum undarlegt að setningar geti bara haft merkinguna „satt“ eða „ósatt“; jafnvel þótt það væri rétt hjá Frege myndi hann lenda í vissum vandræðum sem Davidson bendir á í verki sínu *Truth and Meaning*. Þau mótrök sem Davidson notar þar eru útgáfa af rökum sem eru oft kölluð *teygjubyssurökin*. Davidson bendir þar á að það sé eðlilegt að hægt sé að skipta tveimur rökfræðilega jafngildum setningum út. Ef setningar hafa sömu tilvísun og sama sanngildi, þá eru þær rökfræðilega jafngildar. Þar sem allar sannar setningar hjá Frege vísa allar til sama hlutar, nefnilega sannleika, þá eru allar setningar jafngildar, sem er mjög undarleg niðurstaða.<sup>17</sup>

Annað vandamál sem Frege lendir í er hversu handahófskenndur *skilningur* getur verið. Ef mismunandi aðilar geta bend á sama hlutinn á mismunandi hátt, þá er ekkert sem hindrar að fólk hafi *mismunandi skilning* á þeim nöfnum sem vísa til hlutarins. Davidson bendir á að ef þetta væri raunin, þá hefði hvaða orð sem er óendanlega margar leiðir til að vísa til hluta. Ef útlendingur

13 Frege: *On Sense and Nominatum*. Bls. 217

14 Þar sem *Sinn* hjá Frege er tæknilegt orð, skrifa ég þýðinguna *skilningur* hér eftir með skáletraða til að aðskilja hana frá þeirri merkingu sem fólk hefur venjulega í huga þegar það heyrir orðið *skilningur*.

15 Frege: *On Sense and Nominatum*. Bls. 219

16 Frege: *On Sense and Nominatum*. Bls. 228

17 Donald Davidson: “Truth and Meaning” *The Philosophy of Language*. Ritstjóri: A.P. Martinich. OUP 2010. Bls.115

ætlaði sér að læra tungumálið, þyrfti hann að læra óendanlega marga hluti.<sup>18</sup> Ef svo margar útgáfur af *skilning* eru til, gefur það í skyn að skilningur sé einstaklingsbundinn og kenning Frege endar í svipuðum vandræðum og kenning Locke. Til að hægt sé að nota kenningu Frege þarf að losa út skilningshugtakið á þann hátt að það sé ekki persónubundið og það þarf að útskýra hvernig setningar geta haft mismunandi merkingu ef það á ekki að vera hægt að skipta þeim út fyrir hvora aðra.

---

18 Donald Davidson: "On Saying That" *The Philosophy of Language*. Ritstjóri: A.P. Martinich. OUP 2010. Bls.392

### III. Russell, Quine og umsagnir

Russell er með aðra nálgun á vandamálið með samsemdardóma. Hann var ósáttur við að eiginnöfn hefðu tilvísun, aðallega vegna þess að þá myndu eiginnöfn skáldsagnarpersóna gefa í skyn að þær hefðu einhverskonar tilvist.<sup>19</sup> Til að leysa það vandamál ákvarðaði hann að merking eiginnafna fælist í þeim umsögnum sem ættu við þær, ekki í tilvísun þeirra.<sup>20</sup> Samkvæmt lýsingakenningu Russell vísa nöfn til hluta vegna þess að þau standa fyrir ákveðnar lýsingar.<sup>21</sup> Nafn eins og „Leonardo da Vinci“ merkir í rauninni eitthvað eins og „Maðurinn sem málaði Monu Lisu“. Út frá lýsingunni er hægt að skoða alla hluti og einstaklinga og sjá hver þeirra uppfyllir þau skilyrði sem lýsingin setur. Sá einstaklingur sem málaði Monu Lisu er sá einstaklingur sem nafnið „Leonardo da Vinci“ vísar til. Með ákveðinni lýsingu er því komin aðferð sem útskýrir hvernig nöfn vísa til hluta, án þess að notast við beina tilvísun.

Á sama tíma útskýra ákveðnar lýsingar merkingu nafna. Þegar við segjum nafn eins og „Leonardo da Vinci“ erum við að segja meira en bara eintómt orð, við erum að segja „maðurinn sem málaði Monu Lisu og var einn frægasti uppfinningamaður endurreisnarinnar“. Þetta útskýrir hvernig setningar eins og til dæmis „Jón er læknir“ hafa merkingu. Ef orðið Jón hefði enga merkingu, væri innihald setningarinnar í rauninni „einhver er læknir“, sem hljómar frekar tilgangslaust. Quine gengur skrefi lengra en Russell og telur að öll eiginnöfn séu ekkert annað en umsagnir. Þetta leyfir honum að sleppa alveg við einnefni úr rökfræðilegri uppbyggingu, og leyfir honum að nota alla eiginleika fólks sem umsagnir.<sup>22</sup>

Hugmyndin svarar þannig spurningunni um hvernig samsemdardómar hafa upplýsingagildi. Þeir segja okkur eitthvað um umsagnirnar. Þegar ég segi „Morgunstjarnan er Kvöldstjarnan“ er ég að segja að umsagnirnar eigi við sama hlutinn. Það sem fólk lærir af samsemdardómum eru því upplýsingar um umsagnirnar, ekki eiginnöfnin.<sup>23</sup> Kenningin útskýrir einnig á hverju upplýsingagildi setninga byggist. Setningar uppfæra merkingu umsagna með því að benda á tengsl milli þeirra. Þegar við heyrum setninguna „Morgunstjarnan er Kvöldstjarnan“ lærum við um tengslin milli umsagnanna: „x er Morgunstjarnan“ og „x er Kvöldstjarnan“. Til að slík uppfærsla geti átt sér stað er nauðsynlegt að til staðar séu í það minnsta tvær umsagnir. Ef til staðar væri aðeins ein umsögn, væri ekki verið að benda á nein tengsl og því engar upplýsingar að berast fólki. Þetta útskýrir af

19 Bertrand Russell: „On Denoting“ *The Philosophy of Language*. Ritstjóri: A.P. Martinich. OUP 2010. Bls.233

20 Russell: *On Denoting*. Bls.232-233

21 Bertrand Russell: „Descriptions“ *The Philosophy of Language*. Ritstjóri: A.P. Martinich. OUP 2010. Bls.241-242

22 Willard V. Quine: „On What There Is“ í *The Review of Metaphysics*, No. 5, Vol. 2. Philosophy Education Society Inc 1948. Bls. 31-32

23 Russell: *On Denoting*. Bls.236

hverju stök orð uppfæra ekki þekkingu okkar. Ef einhver segir orð eins og „Jól“, lærum við ekkert af orðinu, því það er ótengt öðrum umsögnum. Eina leiðin til að „Jól“ geti uppfært þær upplýsingar sem við höfum, þarf hún að tengjast öðrum umsögnum á einhvern hátt, til að mynda sem svar við spurningunni „Hvaða hátíð er í desember“. Þegar „Jól“ er notað sem svar við spurningunni, er hún í rauninni tengd spurningunni og myndar því heild, eitthvað svipað „Svarið við spurningunni ‚Hvaða hátíð er í desember‘ er ‚Jól‘“ og hér eru tengsl milli umsagninnar „J:...1 eru jól“ og umsagnarinnar „H:...1 er hátíð sem er í desember“. Ef við fylgjum Quine gildir þetta um alla notkun eiginna og við getum sleppt notkun þeirra algerlega, og notast einungis við umsagnir í setningum. Ef eiginöfn eru aðeins umsagnir, og setningar uppfæra þekkingu okkar á umsögnum getum við lært um einstaklinga með því að uppfæra þekkingu okkar á þeim umsögnum sem einstaklingar mynda. Að lokum losnum við undan teygjubyssurökum Davidson þar sem ekki er hægt að skipta umsögnum út fyrir aðrar umsagnir án þess að breyta sanngildi setninga.

Gallarnir við lýsingakenninguna eru þó til staðar. Helstu andmælin koma frá Saul Kripke í bók hans *Nöfn og nauðsynjar*. Í fyrsta lagi er ákveðið vandamál að ákvarða hvaða lýsing er einstök. Til að orð vísi til hlutar þarf lýsing þess að vera einstök fyrir þann hlut eða einstakling sem orðið vísar til. Til að mynda dugur ekki að ákveðna lýsingin á „Leonardo da Vinci“ sé „frægur maður frá endurreisnartímanum“ því sú lýsing gæti átt við alla fræga menn á endurreisnartímanum, ekki bara „Leonardo da Vinci“. Lýsingin má ekki heldur fela í sér sjálft nafnið, sem er einstakt, af því að það væri merkingarlaust. Það væri svipað og að segja: „Ég ætla að kalla hlutinn þarna Glunk“ og segja síðan „ég ætla að nota nafnið „Glunk“ um hlutinn sem ég kalla „Glunk“!“. Þetta segir í rauninni ekki neitt um hlutinn sjálfan. Því þarf lýsingin að byggjast á einhverju öðru en nafninu sjálfu.<sup>24</sup>

Ef ákveðin lýsing ákvarðar tilvísun nafna, er líka mögulegt að við vísunum óvart á rangan hlut. Ef lýsing okkar á Einstein er „maðurinn sem setti fram afstæðiskenninguna“ þá getum við lent í vandræðum ef einhver annar hefði í raun og veru sett fram afstæðiskenninguna. Ef til dæmis Newton hefði í raun og veru sett fram afstæðiskenninguna, þá væri lýsingin „maðurinn sem setti fram afstæðiskenninguna“ ekki lýsing á Einstein, heldur á Newton. Þetta myndi þýða að í hvert skipti sem við segðum „Einstein“ með lýsinguna „maðurinn sem setti fram afstæðiskenninguna“ í huga, þá værum við í raun og veru að tala um Newton en ekki Einstein.<sup>25</sup>

Við gætum reynt að bjarga okkur með því að halda því fram að lýsingin á nafninu „Einstein“ væri „sá maður sem flestir trúa að hafi sett fram afstæðiskenninguna“ en þá erum við komin í

---

24 Saul Kripke: *Naming and Necessity*. Blackwell Publishing 1981. Bls. 69.

25 Kripke: *Naming and Necessity*. Bls. 81.

vandræði. Ef allir í samfélaginu sem nota nafnið Einstein eru að segja „Einstein er maðurinn sem flestir trúa að hafi sett fram afstæðiskenninguna“ er ómögulegt að setja fram nýja lýsingu á nafni. Ef Newton virkilega setti fram afstæðiskenninguna, þá gæti maður sem kæmist að þeirri vitneskju ekki notað afstæðiskenninguna til að tala um Newton. Þá væru almennt viðurkenndar hugmyndir um einstaklinga sem innihéldu staðreyndavillur óbreytanlegar.

Við virðumst flest getað notað nöfn á merkingarbæran hátt án þess að vita gífurlega mikið um þá einstaklinga sem nöfnin vísa til. Ef ákveðin lýsing væri nauðsynleg til að nota nöfn, þá kæmi í ljós að fæst okkar skildu þau nöfn sem við notum dags daglega.

Kripke bendir líka á að lýsingar geta verið mismunandi eftir fólki. Lýsingakenningin segir ekki til um hvaða lýsing á að gilda fyrir hvert nafn. Þannig getur ein manneskja talið að merking „Leonardo da Vinci“ sé „stórmerkur listamaður sem málaði Monu Lisu og var einnig ágætur uppfinningamaður“, á meðan annar gæti talið að lýsingin ætti að vera „mikill uppfinningamaður á miðöldum sem fann upp skriðdrekan og var einnig listamaður“. Hér virðast lýsingarnar stangast á.<sup>26</sup>

Ein sterk gagnrýni á lýsingakenningar kemur frá F. H. Bradley. Hún bendir á ákveðið vandamál við kenningar sem halda því fram að hlutur sé ekkert annað en eiginleikar hans. Segjum sem dæmi að við höfum umsögnina „x elskar y“ Þessi umsögn virðist snúast um þrjá hluti, x, y og eiginleikan að elska. En til að þessir hlutir myndi heild, þurfa þeir að tengjast á einhvern hátt. Það er nauðsynlegt að x og y séu í tengslum við ást. En nú virðumst við vera komin með fjóra eiginleika í jöfnuna: x, y, eiginleikan að elska, og eiginleikan að tengjast ást; og þannig áfram endalaust. Þetta endar í endalausri afturför, þar sem er alltaf hægt að bæta við eiginleikum.<sup>27</sup> Gagnrýni Bradley bendir til þess að það sé ekki hægt að útskýra merkingu setninga eingöngu út frá eiginleikum þeirra hluta sem mynda þær. Það þarf meira til en bara umsagnir ef við viljum ekki enda í endalausri afturför.

---

26 Kripke: *Naming and Necessity*. Bls. 57.

27 Francis Herbert Bradley: *Appearance and reality*. OUP 1930. Bls. 18

## IV. Davidson og merking

Donald Davidson setti fram aðra nálgun á hugmyndina um merkingu. Hann vildi útskýra hver merking setninga væri, enda fannst honum kenning Frege ekki nægilega sannfærandi, þrátt fyrir kosti hennar. Hann taldi réttilega að kenning Frege gæfi ekki upp raunverulega merkingu setninga. Ef einhver hefði spurst fyrir um merkingu setningarinnar „Platon flýgur“ þá myndi Frege svara eitthvað í samræmi við „við tókum umsögnina flýgur og setjum hana við nafnið Platon og fáum þannig út ‚Platon flýgur‘ “. Þessi útskýring segir okkur ekkert um merkingu setningarinnar, hún endurtekur hana bara.<sup>28</sup>

Davidson vildi setja fram kenningu sem útskýrði merkingu setninga án þess að nota setningar á forminu „s þýðir m“ þar sem „m“ er skipt út fyrir einnefni sem vísar til merkingar setningarinnar. Þar sem tungumálið virðist hafa takmarkaðan fjölda af orðum, en getur þrátt fyrir það myndað nánast óendanlega margar mismunandi setningar, vildi Davidson líka að kenningin útskýrði merkingu allra setninga í tungumálinu, sama hversu handahófskenndar þær væru.<sup>29</sup>

Lausnin hjá Davidson var ótrúlega einföld. Samkvæmt honum jafngildir merking setningar því að gefa upp við hvaða aðstæður hún væri sönn.<sup>30</sup> Til að mynda væri setningin „snjór er hvítur“ einungis sönn við þær aðstæður sem snjór er hvítur. Kenningin útskýrir við hvaða tækifæri umsagnir eru sannar, til að mynda væri umsögnin „x er hvítur“ sönn um eitthvað ef og aðeins ef sá hlutur væri hvítur. Á þennan hátt losnar Davidson við hugmyndina um tilvísun umsagna og notar í staðinn eiginleikan *satt um*.<sup>31</sup> Á sama hátt þarf ekki tilvísun fyrir setningar, heldur segjum við bara við hvaða aðstæður þær eru sannar. Þessi kenning sýnir okkur hvernig við getum séð merkingu setninga, án þess að byggja þessa merkingu á sjálfri sér, það er eitthvað utan við setninguna sem útskýrir við hvaða aðstæður hún er sönn. Hún útskýrir líka hvernig setningar hafa merkingu sem byggir á orðunum sem mynda þær, en er ólík merkingu orðanna í einangrun. Þannig er merking umsagnarinnar „x er hvítt“ útskýrð sem „x er hvítt“ er sönn ef og aðeins ef hún er notuð um eitthvað sem er hvítt“ á meðan setningin „snjór er hvítur“ væri útskýrð sem „setningin ‚snjór er hvítur‘ er sönn ef og aðeins ef snjór er hvítur“. Setningar hafa þannig aðra útskýringu en hlutar þeirra, og því aðra merkingu, en eru þrátt fyrir það byggðar á pörtum sínum.

Scott Soames gagnrýndi kenningu Davidson á þeirri forsendu að hún sé annaðhvort röng eða hún endi sem gagnslaus hringrök. Samkvæmt honum virðast setningar eins og „setningin *m* er

28 Davidson: Truth and Meaning. Bls. 115

29 Davidson: Truth and Meaning. Bls. 116

30 Davidson: Truth and Meaning. Bls. 117-118

31 Davidson: Truth and Meaning. Bls. 122



sönn ef og aðeins ef p“ hafa nákvæmlega sömu merkingu, því þær eru allar sannar við sömu aðstæður. Þar sem setningarnar eru sannar þegar „p“ er satt plús „r“, þar sem „r“ er nauðsynlegur sannleikur, þá þýðir hver setning það sama og merking hennar plús nauðsynlegur sannleikur. Sem dæmi ef setningin „Snjór er hvítur“ er sönn ef og aðeins ef snjór er hvítur“ er sönn, þá er setningin „snjór er hvítur“ er sönn ef og aðeins ef snjór er hvítur og þríhyrningar hafa þrjú horn“ einnig sönn. Samkvæmt kenningu Davidson þýðir setningin „snjór er hvítur“ bæði að snjór er hvítur og að þríhyrningar hafa þrjú horn. Sem er augljóslega rangt.<sup>32</sup>

Þetta vandamál sem Soames bendir á byggir að hluta til á því að sanngildi er notað til að ákvarða merkingu setninga og þetta sanngildi er utan við sjálfar setningarnar. Það er engin leið fyrir kenningu Davidson að sjá út sanngildið út frá setningunni sjálfri, það þarf einhverja tengingu við efnislega eða hugmyndafræðilega sannleika. Þetta þýðir að merking setninga er útskýrð með einhverju utan við tungumálið, og til að það sé mögulegt þarf á einhvern hátt að gefa upp skilyrði þess að einhver staðreynd utan tungumálsins samsvari sér við þær setningar sem hún á að reyna að útskýra. Til þess að setningin „snjór er hvítur“ er sönn ef og aðeins ef snjór er hvítur“ geti verið eina rétta útskýringin á merkingu setningarinnar „snjór er hvítur“, þarf einhvern vegin að sýna hvar tengslin milli setningarinnar og þessa ákveðnu efnislegu staðreyndarinnar liggja, frekar en tengsl við einhverja aðra efnislega staðreynd. Það er erfitt að sjá hvernig kenning um utanaðkomandi sannleika getur útskýrt slík tengsl. Það virðist líklegra að áætla að sanngildið þurfi að ákvarðast af tungumálinu sjálfu, ef slík kenning á að getað tengt saman setningar og sannindi.

Að lokum á Davidson erfitt með að útskýra upplýsingagildi setninga. Kenning hans er ágæt útskýring á merkingu, en hún gefur enga hugmynd um hvernig sönn, eða ósönn setning getur breytt þessari merkingu. Hún dugar því ekki sem heildstæð kenning um tungumálið, einungis sem kenning um merkingu.

---

32 Scott Soames: „Truth, Meaning, and Understanding“, í *Philosophical Studies: An International Journal for Philosophy in the Analytic Tradition*, No. 1/2, Vol. 65. Springer 1991. Bls. 20-21

## V. Wittgenstein og reglur

Wittgenstein er líklega þekktastur fyrir að halda því fram að merking orða felist í notkun þeirra.<sup>33</sup> Í *Rannsóknunum í heimspeki* biður hann lesandann að ímynda sér þorp. Allir í þorpinu ganga með lítinn kassa og í kassanum hefur hver og einn hlut. Fólk getur ekki séð í kassana hjá hverju öðru, en allir kalla það sem er í kassanum „bjöllu“. Þar sem fólk getur ekki séð í kassann er engin leið fyrir fólk að vita hvort það er í raun og veru að tala um sama hlutinn. Fólk getur ekki vitað hvort það sem þau kallar bjöllu sé það sama og annað fólk kallar bjöllu. Merking orðsins virðist einungis vera „það sem er í kassanum“.<sup>34</sup>

Þessi myndlíking Wittgenstein sýnir tvennt. Í fyrsta lagi er hún gagnrýni á þær kenningar sem telja merkingu vera persónubundna, byggjast á hugmyndum; sú hugmynd sem fólk tengir við orðið, er ekki eitthvað sem við getum fullyrt að sé eins hjá öllum. Í öðru lagi sýnir hún að það er ákveðin regla um notkun orða, þrátt fyrir að merkingin sem liggur að baki því sé ekki endilega sú sama. Í þorpinu hans Wittgenstein væri ekki eðlilegt að nota orðið „bjalla“ yfir eitthvað annað en það sem er í kassanum. Notkun orðsins gefur ákveðna vísbendingu um tengingu þess við efnislega hluti, þar sem orðið má einungis nota um ákveðna hluti eða hugmyndir.

Wittgenstein setur líka fram sterk rök fyrir því að reglan sem ræður notkun orða sé ekki einstaklingsbundin, að reglan ákvarðist af samfélaginu. Eins og hann segir sjálfur: „Þetta var þverstæðan: Engin hegðun gæti verið ákvörðuð af reglu, af því að öll hegðun getur verið látin passa við reglu“.<sup>35</sup> Það sem Wittgenstein virðist vera að segja í þessu broti er að hægt sé að skoða hvaða hegðun sem er og álykta að til sé regla sem hegðunin fellur að. Sem dæmi ef einhver áætla að allir í heiminum séu eigingjarnir, þá getur viðkomandi túlkað alla hegðun fólks sem eigingjarna. Það sama gildir um einstaklinga sem telja alla vera óeigingjarna, þeir gætu auðveldlega túlkað hvaða hegðun sem er óeigingjarna. Það virðist alltaf vera hægt að endurskilgreina reglu þannig að heimurinn falli að henni.

Í bókinni *Wittgenstein um reglur og einkamál* setur Kripke fram þverstæðu sem gefur í skyn að ómögulegt sé yfirhöfuð að fylgja reglum, en leggur einnig fram lausn á því vandamáli sem þverstæðan gefur í skyn. Sjálfur kallar hann lausnina efaþyggjulausn<sup>36</sup>, en lausnin fellst í að sætta sig við það vandamál sem býr í þverstæðunni og leggur til nýja skilgreiningu á því hvað það feli í sér að fylgja reglu. Kripke byggir þverstæðuna á textabrotum úr *Rannsóknunum í heimspeki* eftir

33 Wittgenstein: *Philosophical Investigations*. Bls. 25, §43

34 Wittgenstein: *Philosophical Investigations*. Bls. 106, §293

35 Wittgenstein: *Philosophical Investigations*. Bls. 87, §201

36 Saul A. Kripke: *Wittgenstein on Rules and Private Language*. Harvard University Press 1982. Bls. 4

Wittgenstein og telur sjálfur að hann sé einungis að útskýra það sem Wittgenstein segir.<sup>37</sup>

Kripke notar stærðfræðidæmi til að útskýra það vandamál sem hann telur Wittgenstein setja fram. Hann biður lesandann að ímynda sér að hann þurfi að framkvæma útreikninginn „68 + 57“ og jafnframt að lesandinn hafi fram að þessu einungis lagt saman tölur sem eru lægri en 57. Flestir myndu beita reglunni um plús eins og þeir hafa alltaf gert og fá út niðurstöðuna „125“.<sup>38</sup> En segjum að efahyggjumaður mæti á staðinn og spyrji hvort lesandi sé handviss um að hann sé að beita reglunni um plús rétt. Hann bendir á að viðkomandi hafi aldrei reiknað þetta tiltekna dæmi áður og að öll eldri notkun reglunnar um samlagningu hafi snúist um lægri tölur en 57. Samkvæmt efasemdarmanninum getur engin regla réttlætt svarið „125“ frekar en eitthvað annað. Ef við skoðum einungis eldri hegðun þá getum við allt eins sagt að reglan sé eitthvað sem Kripke kallar „quus“.<sup>39</sup> Sú regla segir að þegar lagðar eru saman tvær tölur sem eru báðar lægri en 57 þá virki quus eins og samlagning, en ef önnur talan er hærri en 57 þá sé niðurstaðan 5. Ef við byggjum notkun okkar á samlagningu á eldri dæmum getum við á engan hátt réttlætt af hverju plús gefi réttari niðurstöðu en quus. Við getum reynt að malda í móinn og sagt að reglan sem liggja að baki plús sé ekki skilgreind út frá dæmum heldur frá almennum skilningi á reglunni sem fellst í að telja saman vissan fjölda af hlutum og fá út heildarniðurstöðu þeirra. En þá getur efasemdarmaðurinn spurt okkur hvort við séum viss um að við séum að nota regluna um talningu rétt og við lendum í sama vandamálinu, bara einu þrepi ofar.<sup>40</sup>

Einkamálsrök Wittgenstein hafa almennt verið túlkuð á annan hátt. Wittgenstein útskýrir einkamál með orðunum: „Orð þessa tungumáls vísa til þess sem einungis mælandinn getur þekkt – hans nákomnu, persónulegu skynjana. Því getur annar einstaklingur ekki skilið tungumálið.“<sup>41</sup> Hann teflir sjálfur fram sterkum rökum gegn möguleikanum á slíku tungumáli. Í einföldu máli ganga mótrök hans út á að sýna fram á að einstaklingur geti ekki búið yfir einstaklingsbundnu, persónulegu tungumáli sem enginn annar getur skilið. Ef einstaklingur byggir yfir persónubundnu tungumáli sem enginn annar hefði aðgang að, þá gæti viðkomandi einstaklingur túlkað og breytt reglum þessa tungumáls eftir hentugleikum. Það sem verra er: Einstaklingur gæti aldrei verið viss um að notkun hans á orðum væri sú sama og eldri notkun hans á þeim.<sup>42</sup> Sem dæmi ef einstaklingur hefði alltaf notað orðið „ahab“ þegar hann sæi flugvélar, án þess að segja nokkurri

37 Kripke: *Wittgenstein on Rules and Private Language*. Bls. 3

38 Kripke: *Wittgenstein on Rules and Private Language*. Bls. 8

39 Kripke: *Wittgenstein on Rules and Private Language*. Bls. 8-9

40 Kripke: *Wittgenstein on Rules and Private Language*. Bls. 15-16

41 Wittgenstein: *Philosophical Investigations*. Bls. 95, §243

42 Wittgenstein: *Philosophical Investigations*. Bls. 98-99, §258

annarri manneskju fyrir hvað orðið stæði, þá ef hann sæi fugl einn daginn, og væri ekki viss um hvort orðið „ahab“ væri viðeigandi, þá væri engin leið fyrir hann sjálfan að vita hvort hann væri að nota orðið á réttan hátt. Hann gæti ákvarðað að orðið stæði fyrir alla fljúgandi hluti, eða um flugvélar og þennan einstaka fugl sem hann sæi. Hann gæti ekki haft rétt fyrir sér þar sem hann væri sjálfur mælikvarðin á hvað væri rétt. Til þess að hægt sé að nota reglu á rangan hátt er því nauðsynlegt að hafa óháðan mælikvarða sem festir regluna með einhverjum hætti.

Samkvæmt Kripke hefur regla fast viðmið af því að annað fólk leiðréttir ranga notkun reglu.<sup>43</sup> Ef einhver tæki upp á að nota regluna um quus í staðinn fyrir plús myndi annað fólk leiðréttu notkunina. Tungumálið virkar af því að það er samfélagslegt fyrirbæri. Reglan ákvarðast af notendum tungumálsins og þeir leiðréttu ranga notkun þess. Reglur eru því ekki persónubundnar, þær eru ekki einstakar fyrir hvern og einn, heldur eru þær staðfestanlegar og sameiginlegar með notendum tungumálsins. Af því leiðir að við notum orð eins og „blár“ yfir sömu tilfelli. Misnotkun á orðinu er leiðrétt af öðrum málnotendum, þar sem hún er í andstöðu við almennt samþykka reglu.

Wittgenstein leyfir okkur með þessari röksemdarfærslu að tengja tilvísun orða við eitthvað annað en hluti eða hugmyndir. Tilvísunin ræðst af reglum um notkun. Í staðinn fyrir að segja að orðið „Kvöldstjarnan“ vísi til stjörnuunnar sjálfrar, er hægt að segja að það megi bara nota orðið yfir vissan hlut, nefnilega kvöldstjörnuna. Þetta leyfir okkur að sleppa við að segja að orð fái merkingu frá þeim hlut sem þau vísa til, heldur sé bara hægt að nota þau á ákveðin hátt. Þar sem þessi háttur er ekki skilgreindur út frá einstakling, heldur samfélagi, er hægt að rannsaka hann. Hann er sameiginlegur hjá notendum tungumálsins og því ekki bundinn við hugmynd einstaklings.

---

43 Kripke: *Wittgenstein on Rules and Private Language*. Bls. 89-91

## VI. Samræmd kenning

Allar þessar kenningar hafa eitthvað til síns máls og einhverja galla. Spurningin er hvort hægt er að nýta sér jákvæðu þættina í þeim og smíða heildstæða kenningu sem kemst frá þeim vandamálum sem kenningarnar standa frammi fyrir. Slík kenning þarf að útskýra að minnsta kosti fernt. Í fyrsta lagi þarf hún að útskýra hvernig við getum notað tungumálið til að koma upplýsingum á milli fólks. Í öðru lagi þarf hún að útskýra hvernig orð geta breytt um merkingu, og hvernig fólk getur öðlast auknar upplýsingar um þau. Í þriðja lagi þarf hún að geta útskýrt hvaða merkingu orð hafa, og hvernig orð hafa áhrif á merkingu setninga. Að lokum þarf hún að sýna hvernig er hægt að útskýra merkingu óendanlegra margra setninga út frá notkun takmarkaðs fjölda orða sem mynda þær.

Ef við byrjum, eins og svo margir aðrir, með kenningu Frege sem grunn þurfum við að losna við stærstu gallana í þeirri kenningu. Helsti gallinn við kenningu hans tengist *skilningi*. Það er nauðsynlegt að losna við *skilning* og finna eitthvað í stað hans sem útskýrir hvernig orð geta verið mismunandi, en á þann hátt að þau séu ekki mismunandi fyrir hvern og einn einstakling í þjóðfélaginu og án þess að sama orðið geti haft mismunandi merkingu. Þægilegasta lausnin er að skipta út *skilning* fyrir reglur Wittgenstein. Þetta leyfir okkur að útskýra hvernig samsemdardómar eru uppfræðandi. Ástæðan fyrir að setningin „Morgunstjarnan er Kvöldstjarnan“ kennir okkur eitthvað, er ekki af því að við lærum nýja hluti um *skilning* orðanna, heldur af því að við lærum nýjan hlut um reglur þeirra. Við lærum að reglan um notkun orðsins „Kvöldstjarnan“ er sú sama og reglan um notkun orðsins „Morgunstjarnan“, og losnum á sama hátt við þau vandamál sem lögmál Leibniz veldur einnefnum. Einnefni hafa reglur um notkun, rétt eins og umsagnir. Munurinn á einnefnum og á öðrum orðum er einungis að reglan sem gildir um notkun þeirra er strangari þegar kemur að því um hvað má nota orðið. Nafn eins og „Leonardo da Vinci“ má einungis nota um einn aðila, nefnilega Leonardo da Vinci.

Samkvæmt Davidson fellst merking setninga í útskýringu á því við hvaða aðstæður þær eru sannar. Þetta skiptir fallega út skilgreiningu Frege á merkingu setninga. Þegar við bætum við reglum Wittgenstein vitum við hverjar þessar aðstæður eru, án þess að notast við samkvæmi við raunveruleikan. Til að setning sé sönn þarf hún að uppfylla allar reglur sem hún inniheldur. Þar sem regla orða ákvarðar hvenær má nota orð, er komin ákvörðun um við hvaða aðstæður hún er sönn. Upplýsingagildi setninga fellst í þeim breytingum sem setning hefur á reglur um notkun orða, á merkingu þeirra. Eins og við sáum af kenningu Russell geta setningar uppfært þessa reglu, ólíkt stökum orðum, og þar sjáum við hvers vegna setningar gefa fólki upplýsingar sem stök orð gera

ekki. Við losnum á sama hátt við þau vandamál sem lögmál Leibniz olli setningum hjá Frege. Þar sem setningar eru sannar við mismunandi aðstæður, eru þær ekki útskiptanlegar. Merking setninga ákvarðast þannig af sanngildi þeirra, á meðan upplýsingagildi ákvarðast af því hvernig þær breyta sýn fólks á þær reglur sem mynda þær.

Reglur orða leyfa okkur líka að losna við tilvísun og þau vandamál sem tengjast henni. Þar sem reglur ákvarða um hvaða hlut má nota orð, byggist merking orðsins ekki á þessum hlut, heldur einungis á reglunni. Tilvísun verður óþörf. Þetta einfaldar kenninguna töluvert, þar sem öll orð verða svipuð í uppbyggingu. Hvert orð hefur ákveðna reglu sem ræður notkun þess. Eini munurinn á eiginnöfnum og öðrum orðum er hversu ströng reglan um notkun þeirra er.

Uppfærsla orða gefur okkur áhugavert svar við ráðgátu sem Kripke veltir fyrir sér um upplýsingagildi setninga sem virðast fela í sér hringrök. Orðrétt segir hann:

„Undarlegt nokk, ef þú veist að Einstein uppgötvaði afstæðiskenninguna og ekkert um þá kenningu, getur þú bæði vitað hver Einstein er, nefnilega sá sem uppgötvaði afstæðiskenninguna, og hver uppgötvaði afstæðiskenninguna, nefnilega Einstein, á grundvelli þeirrar þekkingar. Þetta virðist vera blygðunarlaust brot á einhvers konar forsendu sem bannar hringrök.“<sup>44</sup>

Það vandamál sem Kripke sér hér, er að setningin „Einstein er maðurinn sem fann upp afstæðiskenninguna“ virðist kenna okkur eitthvað um bæði Einstein og afstæðiskenninguna. Þegar þessi setning er skoðuð með reglur í huga hverfur ráðgátan. Við erum að læra að til eru tvær reglur í tungumálinu og um innbyrðis tengsl þeirra. Við erum að læra um Einstein, og við erum að læra um afstæðiskenninguna og innbyrðis tengsl þessara orða. Við lærum að það má nota þau um hvort annað. Þetta virðist vera sú aðferð sem er notuð í tungumálinu. Við lærum eitt orð í einu og höfum grófa hugmynd um hvernig má nota það. Þegar við notum orðið meira og lærum um tengsl þess við önnur orð verðum við hæfari í notkun orðsins. Þessu svipar á margan hátt til tafis. Leikmaður getur lært að færa það fyrst, án þess að læra neina aðra reglu í tafli og það dugar til að byrja að spila. Hann á líklega eftir að tapa fyrir leikmanni sem kann allar reglurnar, en einhverstaðar þarf að byrja. Eftir því sem hann spilar meira og lærir fleiri reglur verður hann hæfari. Við lendum ekki í þeim vanda sem Frege lenti í með að útskýra hvernig fólk lærir tungumál. Við erum að læra nýjar upplýsingar alla ævi; þessar upplýsingar gera okkur bæði upplýstari og hæfari málnotendur.

---

44 Kripke: *Naming and Necessity*. Bls. 83 [Þýðing mín]

## VII. Reglur, sannleikur og uppfærsla

Þessi kenning leiðir af sér áhugaverða kenningu um sanngildi setninga. Ef sanngildi setninga fellst í því hvernig þær uppfylla reglurnar sem byggja þær upp, þá þurfa þessar reglur á einhvern hátt að endurspegla raunveruleikan. Þetta er eitthvað sem einkamálarök Wittgenstein gera okkur kleift að útskýra. Samfélagið ákvarðar reglurnar og það staðfestir þær. Reglur breytast með tímanum samhliða því sem þjóðfélag öðlast meiri upplýsingar um heiminn.

Það virðist eðlilegt að áætla að mismunandi reglur gildi um mismunandi tegundir orða. Til dæmis má einungis nota einnefni til að ræða um ákveðin hlut eða einstakling á meðan sum hugtök virðist ekki vera hægt að nota yfir hluti. Mismunandi orðaflokkar hafa þannig mismunandi reglur um notkun. Regla ákvarðar einnig við hvaða aðstæður og um hvaða hluti má nota orð. Það er í lagi að segja „góðan daginn“ á daginn, en ekki á nóttunni; það er regla að við getum bent og sagt „hús“ þegar bent er á ákveðna hluti. Þegar við sniðgöngum reglu hættum við á að fara annað hvort með lygi eða vitleysu. Að segja setningu eins og „húsið er fjórtán merkur og drekkur fjólublátt kaffi“ brýtur í bága við ótal reglur. Það er brot á reglunni um kaffi, að það sé fjólublátt (nema í þeim tilfellum sem kaffi hefur verið litað fjólublátt); það er brot á reglunni um hús, að þau séu svona létt, og að þau drekki yfirhöfuð eitthvað. Oft eru reglurnar flóknari en í þessu tilfelli, en þær eiga alltaf við um öll orð. Skilningur á tungumálinu felst í meðvitaðri eða ómeðvitaðri þekkingu á þessum reglum.

Einfaldasta útgáfan af reglu er málfræði. Hún ákvarðar orðaröð, setningaskipan og beygingu orða, undantekningar, óreglulegar beygingar, kyn og svo framvegis. Hvert orð hefur sína reglu, rétt eins og hvert tákni í stærðfræði. Reglan fjallar ekki bara um hvar í setningu orð eigi heima, heldur í hvaða röklega samhengi megi nota orðið. Margföldunarmerki má ekki nota á milli plús og mínus, og það er ekki við hæfi að nota það ef niðurstaðan er ekki í samræmi við reglur um margföldun. Það væri rangt að nota margföldunarmerki í formúlunni „ $2 \times 5 = 7$ “ í stað táknsins  $\times$ . Hvert orð passar því einungis inn í vissar setningar og til að setning sé rétt mynduð má ekki fara á svig við neina reglu.

Ósætti innan samfélags um sannleika kemur upp þegar orð hafa mismunandi reglur. Sem dæmi ef stór hluti samfélags er fullviss um að reglan um notkun orðsins „múmínálfar“ sé meðal annars að um raunverulega dýrategund sé að ræða, á meðan annar hluti telur að reglan sé að orðið „múmínálfar“ megi ekki nota eins og um raunverulega dýrategund sé að ræða, þá veldur þetta auðveldlega ósætti um sannleika. Einn hópur telur setninguna „múmínálfar eru til“ sanna, á

meðan annar hópur neitar þeirri staðhæfingu. Ósættið byggir á ólíkri sýn á heiminn. Þetta eru aðstæður sem auðveldlega koma upp þegar regla ákvarðar ekki sérstaklega um hvaða hlut, efni eða einstakling orð má nota. Ef ósætti er um orð sem er tengt mörgum öðrum orðum getur þetta valdið mismunandi sýn á ótal aðrar reglur og ollið mismunandi sýn á merkingu stórs hluta samfélagsins. Sem dæmi um slík orð væru til að mynda orðin „frelsi“ og „réttlæti“ sem mynda oft grundvöll fyrir siðferðislega og samfélagslega sýn fólks. Ósætti er yfirleitt lítið vandamál þegar hægt er að staðfesta reglu efnislega, þegar hægt er að benda á eitthvað; sér í lagi ef breyting á reglunni hefur lítil áhrif á aðrar reglur. Það er erfitt fyrir einstakling að efast um tengsl orðanna „vatn“ og „H<sub>2</sub>O“ þegar þeir hafa möguleika til að rannsaka slík tengsl; ósætti um þá reglu er ólíklegt nema til séu aðrar reglur, til að mynda trúarlegar, sem koma í veg fyrir að fólk trúi þeim upplýsingum sem verið er að reyna að koma til skila.

Reglurnar geta einskorðast við litla undirhópa innan samfélags málnotenda. Einn hópur getur tengt allt aðra reglu við orðið „Jón“ en annar hópur og haft sínar eigin reglur um notkun þess. Segjum að í einum vinahópi sé einstaklingur sem heitir „Jón“. Í þeim hópi gildir að orðið „Jón“ skuli í meginatriðum nota um þennan tiltekna einstakling og að þegar það sé notað um aðra einstaklinga með þessu nafni skuli skilgreina nánar hvaða „Jón“ sé þá átt við. Þrátt fyrir þetta vita allir innan hópsins að þegar rætt er við einstaklinga utan hans þá þurfi að útskýra fyrir þeim um hvaða „Jón“ sé verið að ræða. Þetta gildir á sama hátt um fjölda annarra orða, oft myndast ákveðin orðamynstur innan vinahópa og einangraðra samfélagshópa. Hins vegar er ólíklegt að einn ákveðinn einstaklingur geti myndað með sér sitt eigið tungumál og almennt gerir fólk sér grein fyrir að þau orð sem hafa sérstaka reglu innan vissra hópa gilda ekki þegar rætt er við fólk utan hópsins.

Það virðast vera öllu strangari skilyrði fyrir breytingu á reglu þegar orðið er notað um efnislega hluti eða einstaklinga. Sem dæmi um slík orð væru þau orð sem Putnam og Kripke nefna *náttúrulegar tegundir*. Náttúrulegar tegundir eru orð sem vísa til ákveðinna tegunda, sem dæmi væru „tígrisdýr“ og „vatn“. Það sem gerir þessi orð náttúruleg eru efnisleg á einhvern hátt, eða í það minnsta tengd þekkingu á efnisheiminum. Samkvæmt kenningunni vísa þessi orð alltaf í sama efnið.<sup>45</sup> Samkvæmt þessari sýn er setningin „vatn er H<sub>2</sub>O“ nauðsynlega sönn, ef hún er sönn yfirhöfuð.<sup>46</sup> Putnam notfærir sér myndlíkingu um tvær jarðir til að aðstoða sig við að útskýra þessa hugmynd. Hann biður okkur að ímynda okkur annan heim. Í þeim heimi er pláneta sem er nákvæmlega eins og okkar pláneta á flesta vegu, það er meira að segja talað sama tungumál. Eini

---

45 Hilary Putnam: „Meaning and Reference“, í *The Journal of Philosophy*, No. 19, Vol. 70. *Journal of Philosophy* 1973. Bls. 708

46 Putnam: *Meaning and Reference*. Bls. 709



munurinn á þeim heimi og okkar er að það sem allir kalla vatn þar hefur ekki efnaformúluna H<sub>2</sub>O, heldur efnaformúluna xyz.<sup>47</sup> Samkvæmt Putnam er vökvinn á tvíburajörðinni, þrátt fyrir að vera nánast eins að öllu leyti, ekki vatn. Það sem Putnam er að segja hér, er að það sem er kallað vatn er ekki ákvarðað af venjulegum málnotanda, heldur vísindum.<sup>48</sup> Til að orða þetta með kenningu um reglu í huga, þá er reglan um notkun orðsins ákvörðuð af rannsóknum.

Þessi kenning Putnam og Kripke passar ágætlega sem saga um hvernig reglur breytast. Eins og Putnam bendir á hefði ferðalangur frá jörðinni á 18. öld líkast til ekki getað séð mun á H<sub>2</sub>O og xyz, enda var tæknin til að gera greinarmun á þeim ekki til staðar.<sup>49</sup> Gallinn við kenningu Putnam er að hann telur að orðið „vatn“ hafi þrátt fyrir þetta ekki breytt um merkingu í millitíðinni.<sup>50</sup> Þessi skoðun Putnam byggir á því að orðið vatn vísar til efnisins og þess eiginleika sem það hefur samkvæmt kenningu hans.<sup>51</sup> Þar sem sú kenning sem hefur verið rökstudd hér losar sig við tilvísun, og telur reglu vera undirstöðu merkingar, þá verður notkun orðsins að merkingu þess. Maður á 18. öld hafði aðra reglu um notkun orðsins og því aðra merkingu. Í dag er orðið „vatn“ notað á allt annan hátt en gert var fyrir hundrað árum, það skapar aðra merkingu, reglur um samhengi og tengsl hafa breyst, allt af því að upplýsingar þjóðfélagsins um það fyrirbæri sem orðið er notað um hafa uppfærst; með breyttri heimsmynd uppfærast reglur um notkun orða.

Sú villa sem Putnam virðist vera að lenda í hérna er sú sama og Wittgenstein vildi benda á þegar hann talaði um ættarsvip. Dæmið sem Wittgenstein notaði um ættarsvip var orðið „leikur“.<sup>52</sup> Orðið leikur er ekki skilgreint af neinu ákveðnu tilfelli af leik, heldur má nota orðið yfir ótal mismunandi athafnir sem eiga það eitt sameiginlegt að orð „leikur“ er notað um þær allar. Á sama hátt ef ég bý til orð, segjum „nafta“ og ákveð að þetta orð megi nota um þrennt: kaffikönnur, rúsínur og platónska ást. Enginn af þessum hlutum er skilgreining á orðinu „nafta“ og í raun virðist bara eitt sameina alla þá hluti sem orðið vísar til og það er sú staðreynd að orðið „nafta“ er notað yfir þá alla. Að reyna að skilgreina merkingu orðsins er vonlaust, því engin skilgreining getur náð yfir þessa þrjú ólíku hluti. Það eina sem er í raun hægt að skilgreina eða útskýra er reglan sem stýrir notkun orðsins, að það má nota yfir þessi þrjú hugtök. Þetta á sér samsvörun í stærðfræði. Við getum notað orðið „tveir“ um nánast óendanlegan fjölda af pörum, en ekkert þessara þra ákvarðar merkingu orðsins. Við getum sýnt einhverjum tvö epli eða tvær appelsínur til að útskýra hvað felst

---

47 Putnam: *Meaning and Reference*. Bls. 701

48 Putnam: *Meaning and Reference*. Bls. 704

49 Putnam: *Meaning and Reference*. Bls. 702

50 Putnam: *Meaning and Reference*. Bls. 702

51 Putnam: *Meaning and Reference*. Bls. 702-703

52 Wittgenstein: *Philosophical Investigations*. Bls. 36-37, §66, §67

í því að hafa tvö eintök af einhverju, en orðið tveir ákvarðast ekki af eplum eða appelsínunum. Það sem Kripke og Putnam eru að ákvarða er að eitt ákveðið efni, sem orðið „vatn“ er notað um sé skilgreining á orðinu, þegar í raun er það bara regla um notkun þess sem ákvarðar hvað það er kallað. Á 18. öld hefði þessi regla dugað yfir bæði H<sub>2</sub>O á okkar jörðu, og xyz á tvíburajörðinni. Setningin „það er vatn á tvíburajörðinni“ hefði verið sönn á 18. öld af því að skilgreiningin á orðinu hefði gilt um xyz.

Ef sanngildi setninga er tengt við reglur tungumálsins á hverjum tíma lendum við í undarlegri stöðu þegar við gerum athugasemdir við setningar úr eldri menningarsamfélögum. Þar sem reglur eru í sífelldri uppfærslu vegna breyttra upplýsinga, breytist sanngildi setninga líka í sífellu. Setning eins og „Sólin snýst í kringum Jörðina“ var talin sönn árið 1400, en væri í dag sögð ósönn vegna breyttra reglna. Kripke bendir á að þegar rætt er um aðra mögulega heima notum við okkar reglur. Til dæmis þegar við segjum að í mögulegum heimi gætum við verið að tala þýsku, erum við að fjalla um þann heim á okkar eigin tungumáli.<sup>53</sup> Þótt röksemdarfærsla Kripke hafi ekki verið sett fram með okkar heim í huga, á hún jafn vel við dóma um fortíðina. Við erum að tala um tímabil sem hafði aðrar reglur um notkun tungumálsins en við. Þegar við tölum um Grikkland til forna, eða Róm á miðöldum erum við að nota okkar reglur um tungumálið til þess að ræða þeirra reglur. Ef við segjum „Páfinn fór með ósannindi þegar hann sagði að allir enduðu í hreinsunareldinum árið 1200“ erum við að segja að miðað við okkar reglur hafi páfinn sagt ósatt. Setningin hefði verið talin sönn af samtímamönnum hans. Wittgenstein virðist eiga við eitthvað sambærilegt þegar hann talar um trúarbrögð.

„Fór Augustine villur vega, á þeim tíma, þegar hann biðlaði til Guðs á hverri síðu í *Játningunum*? En – gæti einhver sagt – ef hann fór ekki villur vega, þá hlaut hinn heilagi maður Búddisma að gera það – eða hver sem er annar – sem hafði trú sem fól í sér allt önnur sjónarhorn. En *enginn* þeirra fór villur vega, nema á þeim tímamarki sem hann [gagnrýnandi þeirra] setti fram kenningu.“<sup>54</sup>

Wittgenstein vísar hér til þess að ekki er hægt að dæma þann sem fylgir eigin reglukerfi út frá okkar reglum. Lygi felur í sér fyrirheit um að segja ósatt, en engin slík áætlun var til staðar. Þeir fylgdu þeim reglum sem þjóðfélagið gerði ráð fyrir að væru réttar. Við getum ekki verið fullkomlega örugg um að okkar reglur séu á neinn hátt réttari en reglur fólks á miðöldum. Við gætum

53 Kripke: *Naming and Necessity*. Bls. 77

54 Wittgenstein: *Remarks on Frazer's Golden Bough*. Bls. 119 [Þýðing mín]

komist að því einn daginn að vatn er ekki byggt upp af H<sub>2</sub>O. Við dæmum hinsvegar setningar eins og „vatn er H<sub>2</sub>O“ sannar, þar sem þessar setningar eru samkvæmt okkar bestu vitund sannar. Það sama gildir um þáfan árið 1200. Hann var að segja setningu, sem samkvæmt bestu vitund samfélagsins á hans tíma var sönn. Tungumálið gefur okkur einungis þá sýn á veruleikann sem stendur þjóðfélagi til boða á hverjum tíma. Hlutbundinn sannleikur hefur áhrif á reglur tungumálsins og endurspeglast í þeim, en hann er ekki mælikvarði á hvað við teljum vera satt og ósatt á hverjum tíma.

## VIII. Niðurstöður

**„Þekking okkar myndar gríðarstórt kerfi. Einungis innan þessa kerfis hefur ákveðin ögn það virði sem við gefum henni.“<sup>55</sup>**

Ósætti verður auðveldlega þegar fólk notar mismunandi reglur í tungumálinu og hefur ekki áhuga á að samræma þær. Þetta orsakast oft af mismunandi hugmyndum um hvað felst í að staðfesta reglu. Sumir telja að trúarrit séu sú staðfesting sem reglur ættu að fylgja, aðrir að vísindi gefi bestu raunina. Þetta veldur því að fólk er oft að nota reglur sem byggjast á mismunandi forsendum og rökræður um reglurnar munu aldrei enda með niðurstöðu. Fólk getur verið alið upp við það ólíkan regluheim að það tekur gífurlega vinnu, tíma og vilja að uppfæra reglurnar nægilega mikið til að við skiljum sjónarhorn annarra. Ein ástæðan er sú að við getum aldrei verið fullkomlega viss um að trú okkar á staðhæfingar veruleikans séu sannar þegar við horfum til fortíðar og sjáum hversu ranga sýn á heiminn liðnar kynslóðir höfðu; erum við eitthvað betri? Það sem við teljum satt er breytilegt eftir sjónarhorni og tímabilum; það byggist á þeim upplýsingum sem við höfum á hverjum tíma.

Tilgangur tungumálsins er að samræma þessar upplýsingar og deila þeim. Það leyfir okkur að deila reynslu, túlkunum og hugmyndum meðal allra notenda tungumálsins. Þetta gerir okkur ólík öðrum dýrategundum á þessari plánetu; sama hversu gáfuð vera án tungumáls er, þá er hún ætíð bundin af eigin reynslu og rannsóknum. Tungumálið leyfir okkur að fara út fyrir okkur sjálf, að sjá heiminn með ótal augum og læra hluti sem við gætum annars aldrei lært.

Tungumálið er ekki einungis leið til að láta aðra hugsa það sama og við erum að hugsa, það er tæki til að breyta hugsunarhætti og kenna fólki eitthvað nýtt. Þegar gert er ráð fyrir að tungumálið sé fast, skipulagt og nákvæmt er það tekið úr samhengi við raunveruleikann. Það hættir að vera fljótandi, það hættir að uppfæra þekkingu og endurtekur hana einungis. Það sem Wittgenstein bendir réttilega á er að tungumál er notkun.<sup>56</sup> Þessi notkun er hinsvegar ekki handahófskennd, hún byggist á lögmálum og reglum og því er hægt að útskýra virkni þess. Tungumálið sjálft er þó ekki leiðin að sannleika, það er einungis leiðin til að rannsaka þær upplýsingar sem þjóðfélagið hefur. Að reyna að komast út fyrir þennan ramma er eitthvað sem það hefur ekki getuna til að gera. Reglur tungumálsins byggja á reynslu og hugmyndum einstaklinga, þær myndast ekki sjálfkrafa. Þekkingin sem fellst í tungumálinu er einungis sú

---

55 Ludwig Wittgenstein: *On Certainty*. Ritstjórar G. E. M. Anscombe & G. H. von Wright. Denis Paul & G. E. M. Anscombe þýddu. Basil-Blackwell 1969. Bls. 52, §410

56 Wittgenstein: *Philosophical Investigations*. Bls. 25, §43

sameiginlega þekking sem þjóðfélag hefur aflað sér. Það er reynsla einstaklinga, rannsóknir, hugsanir og sjónarhorn sem uppfæra tungumálið. Þessi reynsla er grunnurinn sem liggur að baki þekkingu samfélagsins.

Tungumálið gefur okkur hæfileika sem engin önnur dýrategund á plánetunni virðist hafa, þann möguleika að læra af reynslu og vitneskju annarra einstaklinga. Það leyfir okkur að skoða og læra um hluti sem við höfum ekki sjálf tíma eða getu til að rannsaka með eigin skilningarvitum; það gefur okkur nýja sýn á þá hluti sem við fáum reynslu af og eykur við þessa sýn. Þessar upplýsingar eru ekki endilega fullkomnar, en þær eru alltaf meiri og betri en þær upplýsingar sem einn einstaklingur í einangrun getur öðlast, óháð gáfnafari viðkomandi. Þetta virðist neyða okkur úti víska tegund efahyggju, en þetta býður jafnframt lausn á henni. Við vitum hugsanlega ekki allt, en tungumálið gefur okkur bestu mögulegu mynd af sannleikanum sem fyrirfinnst á hverjum tíma.

## Heimildir

- Bradley, Francis Herbert: *Appearance and reality*. OUP 1930.
- Davidson, Donald: "On Saying That" *The Philosophy of Language*. Ritstjóri: A.P. Martinich. OUP 2010.
- Davidson, Donald: "Truth and Meaning" *The Philosophy of Language*. Ritstjóri: A.P. Martinich. OUP 2010.
- Frege, Gottlob: "On Sense and Nominatum" *The Philosophy of Language*. Ritstjóri: A.P. Martinich. OUP 2010.
- Kripke, Saul A.: *Naming and Necessity*. Blackwell Publishing 1981.
- Kripke, Saul A.: *Wittgenstein on Rules and Private Language*. Harvard University Press 1982.
- Locke, John: *An essay concerning human understanding*. London 1690.
- Putnam, Hilary: „Meaning and Reference“, í *The Journal of Philosophy*, No. 19, Vol. 70. Journal of Philosophy 1973.
- Quine, Willard V.: „On What There Is“ í *The Review of Metaphysics*, No. 5, Vol. 2. Philosophy Education Society Inc 1948.
- Russell, Bertrand: „Descriptions“ *The Philosophy of Language*. Ritstjóri: A.P. Martinich. OUP 2010.
- Russell, Bertrand: „On Denoting“ *The Philosophy of Language*. Ritstjóri: A.P. Martinich. OUP 2010.
- Soames, Scott: „Truth, Meaning, and Understanding“, í *Philosophical Studies: An International Journal for Philosophy in the Analytic Tradition*, No. 1/2, Vol. 65. Springer 1991.
- Wittgenstein, Ludwig: *On Certainty*. Ritstjórar G. E. M. Anscombe & G. H. von Wright. Denis Paul & G. E. M. Anscombe þýddu. Basil-Blackwell 1969.
- Wittgenstein, Ludwig: *Philosophical Investigations*. G.E.M. Anscombe, P.M.S. Hacker og Joachim Schulte þýddu, Wiley-Blackwell 2009.
- Wittgenstein, Ludwig: „Remarks on Frazer's Golden Bough“ *Philosophical occasions, 1912-1951*. Ritstjórar James Carl Klagge & Alfred Nordmann. Hackett 1993.